

Snæfellsbær  
Davíð Viðarsson  
Snæfellsási 2  
360 Snæfellsbær

Reykjavík 20. október 2020  
UST202010-084/A.B.  
10.04.02

## **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015 - 2031 – Gíslabær - Hellnar**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegnar breytingar á aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015 – 2031, fyrir Gíslabæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin varðar uppbyggingu ferðaþjónustu á landi Gíslabæjar, þar sem svæði fyrir verslun og þjónustu verður stækkað, þar sem fyrirhugað er að reisa allt að 1.200 m<sup>2</sup> hótél og átta 40 m<sup>2</sup> smáhýsi, og svæði fyrir íbúðarbyggð er minnkað. Auk þess kemur fram að landnotkun á lóð Melabúðar 1 breytt úr svæði fyrir frístundabyggð í svæði fyrir íbúðarbyggð.

### **Forsendur og ferðamenn**

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar og áhrif.

### **Friðlandið**

Ströndin við Stapa og Hellna var friðlýst árið 1979 og er þar ríkulegt fuglalíf. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging og aukin fjöldi ferðamanna hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif á ásýnd svæðisins og fuglalíf. Umhverfisstofnun benda á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

### Ásýnd og rask


Í greinargerð kemur fram að stefnumörkun Snæfellsbæjar er skýr um að nýtingarhlutfall verði lágt á svæði neðan vegar og lögð er áhersla á að byggð verði lágreist, falli vel að landi og skilmálar verði strangir. Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að huga vel að ásýnd svæðisins og er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllt



Björn Stefánsson  
sérfræðingur